

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og váttryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarkerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa þungaskatt af bifreiðum sínum eða bifhjólum fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá þann skatt dreginn frá þungaskatti, sem þeim ber að greiða fyrir skattárið 1964, samkvæmt lögum þessum, eða fá hann endurgreiddan, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

25. apríl.

Nr. 13.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjófleik-hús, og lögum um breytingar á þeim.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 og lögum nr. 57 5. júní 1957 og lögum nr. 24 26. apríl 1963, um breytingu á þeim lögum, skal heimilt að innheimta með 200% álagi af kvikmyndasýningum og með 20% álagi af öðrum skemmtunum. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, sem skattskyldar kunna að vera, undanþegar álaginu.

2. gr.

Setningin „árin 1957—1963, að báðum árum meðtöldum“ í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 57 frá 1957, sbr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1962, falli niður.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða“ í 3. másl. 1. mgr. 69. gr. laganna komi: fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt þungaskatti og skoðunargjaldi bifreiða, og skal um endurgreiðslu iðgjaldsins vegna innilegu skrásetningarnúmers, ef til kemur, farið eftir þeim reglum, sem gilda um endurgreiðslu þungaskatts í slíkum tilfellum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa iðgjöld af öikumönnum bifreiða fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá sömu upphæð dregna frá iðgjaldi því, sem þeim ber að greiða af öikumönnum bifreiða árið 1964 samkvæmt lögum þessum, eða fá hana endurgreidda, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.